



Fréttatilkynning

IKEA innkallar

IKEA 365+ SÄNDA braut 70 og 114 vegna hættu á útleiðslu



IKEA biður vinsamlega þá viðskiptavini sem eiga IKEA 365+ SÄNDA braut 70 og/eða 114 frá framleiðanda 21338 með dagsetningarstimplinum 1134 – 1208 að hætta notkun brautarinnar og koma með hana í IKEA verslunina til að fá nýja braut eða fulla endurgreiðslu.

Mikilvægt!


Til að gæta fyllsta öryggis verður að taka brautina úr sambandi áður en hún er tekin niður.

Innköllunin er framkvæmd vegna gallaðrar jarðtengingar í brautinni sem getur valdið hættu á útleiðslu þegar brautin eða tengd ljós eru snert.

IKEA hefur ekki borist tilkynning um óhöpp vegna SÄNDA brautarinnar.

Brautirnar sem kallaðar eru inn voru seldar á tímabilinu september 2011 til mars 2012. Innköllunin nær aðeins til IKEA 365+ SÄNDA brauta 70 og 114 frá framleiðanda 21338, með dagsetningarstimpil 1134 – 1208.

Merkimiði á evrópskum útgáfum brautarinnar



Frekari upplýsingar má fá hjá þjónustufulltrúum í þjónustuveri í síma 520 2500.

IKEA biðst velvirðingar á óþægindum sem þetta kann að valda.